

Nd.

378. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. gerir ráð fyrir, að hin svokölluðu Sonningsverðlaun, sem Halldóri Laxness voru veitt snemma á þessu ári, skuli undanþegin tekjuskatti og útsvari. Á þetta getum við undirritaðir ekki fallizt, og liggja til þess tvær ástæður. Í fyrsta lagi liggur það fyrir, að í Danmörku, þar sem verðlaun þessi eru veitt, eru þau skattskyld eftir þeim reglum, sem þar gilda, séu þau veitt þarlandum aðila, og teljum við engin eðlileg rök fyrir, að þau séu frekar undanþegin skatti og útsvari hér á landi en þar. Í öðru lagi teljum við ekki, að heiður Halldórs Laxness sé í neinu skertur, nema síður sé, þó að hann greiði lögboðna skatta af umræddum verðlaunum eftir sömu reglum og öðrum þjóðfélagsþegnum ber að greiða skatta af tekjum sínum, hvort heldur þeirra er aflað með hörðum höndum eða á annan hátt.

Leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1969.

Guðl. Gíslason, Gunnar Gíslason.
frsm.